



KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS

Stofnað 27. janúar 1907
Hálveigarstöðum
Túngötu 14, 101 Reykjavík • Sími 551 8156
Netfang: krfi@krfi.is • Vefslóð: www.krfi.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1515
komudagur 21.2.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. febrúar 2008.

Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um frumvarp til laga um gerð skyldunámsefnis fyrir unglunga um ólík kjör og hlutskipti kvenna á norðurslóðum og mannréttindi, þskj. 310 – 276. mál.

Kvenréttindafélag Íslands styður ofangreint frumvarp þar sem skortur er á fræðsluefni um stöðu kvenna í viðkomandi löndum sem og um mannréttindi kvenna sérstaklega. Að mati KRFÍ tengist kynbundið ofbeldi og lakari félags- og fjarhagsleg staða kvenna skorti á upplýsingum og fræðslu. Það er því sérstaklega ánægjulegt að frumvarpið taki til skyldunámsefnis þannig að tryggt sé að ungu fólki á vestnorrænum slóðum sé kynnt staða hvers annars í gegnum skyldunámsefni.

KRFÍ berst m.a. fyrir viðhorfsbreytingum meðal almennings í jafnréttismálum, þar sem slík breyting er mikilvægur hlekkur í því að raunverulegt jafnrétti kynjanna náist. KRFÍ fagnar því sérstaklega að frumvarpið takið mið af þessum hlekki með því að leggja til aðgerðir sem vinna markvisst að jafnréttis- og mennréttindauppeldi ungmenna á vestnorrænum slóðum.

Virðingafyllt,
f.h. stjórnar Kvenréttindafélags Íslands

Halldóra Traustadóttir,
framkvæmdastjóri